

Ed.

444. Breytingartillaga

við frumv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum.

Flutningsm.: Jón Þorláksson og Halldór Steinsson.

Við 1. gr.

Aftan við frumvarpsgreinina komi ný málsgrein, þannig:

Aftan við 1. gr. laganna komi ný málsgrein, sem hér segir:

Í þeim umdæmum, þar sem ríkissjóður greiðir að fullu kostnað við starfrækslu tollheimtunnar, kemur heimildin í 2. gr. laga nr. 75, 27. júní 1921, um greiðslu á 2% af andvirði stimpilmerkjanna fyrir að sjá um stimplun skjala og reikningsfærslu, ekki til framkvæmda að því er snertir þau stimpilmerki, sem notuð verða samkvæmt þessum lögum.